www.nettomot.blog.is

Taktu bæklinginn með þér á mótið




# 5. - 6. mars 2011

## Reykjanesbæ

KEFLAVÍK

REYKJANESBÆR

Góða skemmtun!



# Nettómótið 2011

Velkomin á Nettómótið 2011 helgina 5. og 6. mars í Reykjanesbæ. 20 ára afmælismótið 2010 fór alveg frábærlega fram og sló öll fyrri met. 1.022 þátttakendur mættu til leiks frá 22 félögum og mynduðu 148 keppnislið sem léku 356 leiki á 13 völlum í 5 íþróttahúsum. Bíósýningarnar urðu 10 og bakaðar voru 376 pizzur í pizzuveisluna. Tæplega 800 gestir lögðu sig til hvílu í skólamannvirkjum bæjarins og aðsóknarmet var slegið í Vatnaveröld þegar rúmlega 2.000 gestir brugðu sér í sundfötin þessa helgi.

Barna- og unglingaráð körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur vilja færa öllum þeim fjölmörgu gestum sem heimsóttu mótið í fyrra og öllum þeim ágætu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóginn, okkar bestu þakkir fyrir allt góða skapið og leikgleðina sem þeir tóku með sér á mótið.

Nettómótið 2011 mun keyra á sambærilegri dagskrá og sömu gæðum og mótið í fyrra. Verðskrá mótsins verður óbreytt frá fyrra ári, og ef eitthvað er, þá verður aðeins bætt í dagskrána. Meðal nýjunga í ár er innileikjagarður sem Reykjanesbær starfrækir á Ásbrú og eins ætla unglingaráð félaganna að bjóða foreldrum í kvöldkaffi & fyrirlestur þegar kvöldvökunni lýkur á laugardagskvöld og börnin fara í kvöldhressingu á gististöðum með sínum fararstjórum. Frekari upplýsingar um þessa nýju dagskrárliði má sjá aftar í bæklingnum.

Nú hefur ný og glæsileg viðbygging við íþróttahúsið í Keflavík verið tekin í notkun. Framvegis færist móttaka liða frá Holtaskóla yfir í íþróttahúsið þar sem allar deildir félagsins hafa nú fengið framtíðaraðstöðu fyrir sína félagsstarfsemi. Þar má m.a. finna glæsilega og rúmgóða veitingaaðstöðu o.fl., auk þess sem aðgengismál og bílastæði eru komin í framtíðarhorf.

Eins og allir þekkja sem hafa sótt mótið heim í gegnum tíðina þá er Nettómótið mikil ævintýrahelgi þar sem hlutirnir gerast. Foreldrar eru hvattir til að taka eins mikinn þátt í helginni og þeir hafa kraft og úthald í, enda er mótið bæði körfubolti & fjölskylduhátíð þar sem allir eru sigurvegarar. Markmið okkar nú sem áður er að gestir haldi heim sælir og glaðir með góðar og ógleymanlegar minningar frá Nettómótinu 2011. Við munum leggja okkur fram um að ná því markmiði og minnum alla á að setja góða skapið og leikgleðina efst á listann líkt og áður.

**Verið velkomin til Reykjanesbæjar og góða skemmtun um helgina.**

KARFAN
Barna- og unglingaráð

netto
Ódýrt fyrir heimilið!

**Nettómótið 2011**
• **Útgefandi:** KarfaN, hagsmunafélag barna- og unglingaráða körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur.
• **Ritstjóri og ábm:** Jón Ben Einarsson • **Myndir:** Skúli Sigurðsson og Jón Björn Ólafsson • **Útlit og umbrot:** Víkurfréttir
• **Upplag:** 4.000 eintök • **Heimasíða:** www.nettomot.blog.is





# Dagskrá **mótsins**

**SÍÐASTI SKRÁNINGARDAGUR ER 25. FEBRÚAR**

### Laugardagur:

| | |
|---|---|
| **08:00** | Móttaka liða hefst í íþróttahúsinu við Sunnubraut |
| **09:00** | Leikir hefjast á öllum völlum |
| **10:00 - 12:00** | Bíósýning #1 |
| **11:00 - 13:00** | Bíósýning #2 |
| **11:00 - 14:00** | Léttur hádegisverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja |
| **12:00 - 14:00** | Bíósýning #3 |
| **13:00 - 15:00** | Bíósýning #4 |
| **14:00 - 16:00** | Bíósýning #5 |
| **15:00 - 17:00** | Bíósýning #6 |
| **16:00 - 18:00** | Bíósýning #7 |
| **18:00 - 20:00** | Kvöldverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja |
| **20:30 - 21:30** | Kvöldvaka í íþróttahúsinu við Sunnubraut |
| **21:45** | Skúffukaka og mjólk á gististöðum |
| **21:45 - 23:00** | Kvölstund fyrir foreldra í íþróttahúsinu við Sunnubraut. |

### Sunnudagur:

| | |
|---|---|
| **07:30 - 10:00** | Morgunverður á gististöðum |
| **08:00** | Leikir hefjast að nýju |
| **10:00 - 12:00** | Bíósýning #8 |
| **11:00 - 13:00** | Pizzuveisla í Fjölbrautaskóla Suðurnesja |
| **13:30** | Verðlaunaafhending og mótsslit – Íþróttahúsið við Sunnubraut |

**ATH! Tímasetningar geta breyst, fer eftir fjölda þátttakenda.**


**TILBOÐ 1**
Barnaís
**kr. 100,-**

**TILBOÐ 2**
2 pizzusneiðar
og 1/2L. kók
**500,-**

**TILBOÐ 3**
Samloka m/skinku
og osti og 1/2L. kók
**kr. 450,-**

**50% AFSLÁTTUR**
af stærsta nammibar á Suðurnesjum.
**ALLA HELGINA!** 119 sælgætistegundir.

UNGÓ
ÍS - PIZZA - DVD - GRILL

Tilboðin gilda meðan á mótinu stendur, 5. - 6. mars 2011

Hafnargata 6 - 230 Keflavík - S:421 1544

KFC

www.kfc.is

svooogott™



FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI
MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

# Margskonar afþreying **er á mótinu**

**Sundferð:** Frítt verður í Vatnaveröld-Sundmiðstöð.
Opnunartími frá kl. 8.00-18.00, laugar- og sunnudag.

**Bíóferð:** Það er alltaf gaman að skella sér í Sambíóin. Fyrir krakka 8 til 11 ára verður **Yogi Bear** sýnd sem er ný mynd. Fyrir krakka 6 og 7 ára verður sýnd teiknimyndin **Space Chimps 2** sem er ný mynd og hæfir vel þeim aldurshópi

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

**Kvöldvaka:** Kvöldvakan verður skemmtileg, eins og venjulega. Landsþekktir skemmtikraftar koma í heimsókn. Munið fjörið á fyrri mótum.
Kvöldvakan hefst kl. 20:30.

**Foreldrakaffi:** Öllum foreldrum verður boðið í kvöldkaffi og skemmtilegan fyrirlestur eftir kvöldvökuna.

**Reykjaneshöll:** Það verður stanslaust fjör í Reykjaneshöllinni báða keppnisdagana.
Á laugardag verður Reykjaneshöllin opin frá kl. 9:00 til 19:00 og á sunnudag frá 09:00 til 12:00. Hoppukastali, snú-snú, fótbolti, frisbee og margt fleira.
Hver verður fyrst/fyrstur í gegnum einn lengsta hoppukastala á landinu?

**Innileikjagarðurinn:** Innileikjagarðurinn Ásbrú er sérstaklega hentugur fyrir krakka á aldrinum 2-8 ára.
Á laugardag verður innileikjagarðurinn opin frá kl. 14:30 til 17:30



ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN 1995-2010 15 ára





# Þið verðið ekki svöng **á Nettómótinu**

## Innifalið í mótsgjaldi:

### Laugardagur:

**Hádegismatur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja**
- Samloka, súrmjólk og svaladrykkur

**Kvöldmatur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja**
- a ´ la Kjötbollur ársins

**Kvöldkaffi í matsal á gististöðum**
- Skúffukaka og mjólk

### Sunnudagur:

**Morgunmatur í matsal á gististöðum**
- Morgunkorn, súrmjólk, samloka og drykkur

**Hádegismatur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja**
- Pizzuveisla frá Langbest.

Sjoppur eru á öllum keppnisstöðum þar sem hægt er að kaupa samlokur, svaladrykki og margt fleira. Rjúkandi kaffi frá TE & KAFFI og bakkelsi með verður til sölu fyrir pabba og mömmu.





Fiskréttir eru okkar fag!


Hádegismatseðill alla daga

Fiskur • Kjötréttir • Hamborgarar • Pasta • Salöt og fl.

Kvöldmatseðill

öll kvöld frá kl. 18.00 - 22.00



10% afsláttur

fyrir gesti á Nettómótinu,
ath. ekki á tilboðsréttum

Kaffi • Heitt kakó
Tertur og fl.





DUUS
Kaffi Duus
með alvöru útsýni
við smábátahöfnina
í Reykjanesbæ

Stapaprent.is

Kaffi Duus • Duusgötu 10 • 230 Reykjanesbæ • Sími 421 7080 • duus@duus.is

TILBOÐ ALLA HELGINA

Ostborgari 115gr. m/grænmeti, frönskum,
koktelsósu og gosi
kr. 1295,-

Heitar langlokur 20 teg,
kr. 1350 - 1650,-

Barnabox
kr. 850,-

Franskar, sveitafr, krullur og laukhringir



OLSEN OLSEN Diner
HAFNARGÖTU 17 - KEFLAVÍK - SÍMI 421 4457

# Ágætu **mótsgestir**



Ég býð ykkur velkomin til Reykjanesbæjar.
Á Nettómótinu í fyrra voru keppendur rúmlega 1000 talsins. Til að mót af þessari stærð takist sem best þarf mikinn undirbúning og gríðarlega vinnu sjálfboðaliða. Samstarf unglingaráða körfuknattleiksdeilda UMFN og Keflavíkur hefur verið til mikillar fyrirmyndar undanfarin ár og ekki má gleyma stórum þætti foreldra sem hafa verið virkir þátttakendur í mótinu allt frá upphafi þess fyrir rúmum 20 árum. Gestirnir hafa verið sérstaklega jákvæðir og skemmtilegir. Ég veit að þið eruð engin undantekning á því.

Reykjanesbær hefur alltaf stutt við bakið á deildunum við framkvæmd Nettómótsins m.a. til að sýna þakklæti bæjaryfirvalda í verki, en einnig vegna þess að dæmin sanna að mót sem þetta er mikil og góð kynning á því sem Reykjanesbær hefur fjölskyldufólki upp á að bjóða.

Ég vona að þið eigið hér ánægjulega dvöl og njótið mótahaldsins með öllu tilheyrandi, þar sem hinn sanni íþróttaandi ríkir.

**Góða skemmtun á Nettómótinu 2011**

Árni Sigfússon, bæjarstjóri

REYKJANESBÆR
*reykjanesbaer.is*

RAFHOLT

## Heilbrigð sál í hraustum líkama

Markmið Heilsuleikskólanna er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listasköpun í leik og starfi

**Meira um Heilsustefnuna á www.skolar.is**

**Heilsuleikskólar Skóla:**
Hamravellir, Kór, Krókur, Ungbarnaleikskólinn Ársól og leikskólinn Háaleiti sem er staðsettur á Ásbrú í Reykjanesbæ.



SKÓLAR
NÆRING · HREYFING · LISTIR





















1

## Skessan í hellinum

Skessan hefur komið sér vel fyrir í helli við smábátahöfnina í Keflavík. Skessunni þykir gaman að fá krakka í heimsókn og fá bréf frá krökkum sem hún reynir að svara eftir bestu getu.

Sjá nánar á skessan.is



2

## Duushús



Duushús eru menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar.

Þar má sjá bátasafn Gríms Karlssonar, sýningar byggðasafnsins og listasafnsins, og elsta bíósal landsins.

3

## Byggðasafn Reykjanesbæjar

Sýningar byggðasafnsins eru í Stekkjarkoti, Njarðvík og Duushúsum. Sögusýningin Völlurinn í Duushúsum fjallar um áhrif Kanans á byggðina á Reykjanesi.

4

## Vatnaveröld – fjölskyldusundlaug

Í Vatnaveröld eru fjölbreytt leiktæki fyrir yngstu kynslóðina, kastalar, rennibrautir, sveppir og selir. Vatnið er upphitað og þægilegt fyrir lítil kríli.

Krakkar á grunnskóla-aldri fá frítt í sund.





a Hólmgarður Sigurjónsbakarí
b Samkaup strax
c Duus Hús Reykjanesbær
d Nýja Bakaríið
e Kaskó
f langbest
g nettó Ódýrt fyrir heimilið!
h Biðskýlið
i Kostur

**5 Heiðarskóli**
Vellir 9 og 10
Svefnaðstaða

**6 Íþróttahús/Vatnaveröld Holtaskóli/Fjölbrautaskóli Suðurnesja**
Vellir 1 og 6
Svefnaðstaða
Kvöldvaka
Mötuneyti

**7 Njarðvíkurskóli**
Vellir 7 og 8
Svefnaðstaða

**8 Akurskóli**
Völlur 13

**9 Íþróttahúsið Ásbrú**
Vellir 11 og 12

**10 Reykjaneshöll**
Hoppukastali
Leiksvæði
Svefnaðstaða

**11 Myllubakkaskóli**
Svefnaðstaða

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is




j Bitinn
k Ungó
l Panda Kínverskur veitingastaður
m Center Keflavík
n Olsen Olsen

# Rútuferðir

Ef lið vantar far milli keppnisstaða þá er hægt að hringja eftir rútu í síma 863 0571 og 863 0572.




Ath. að mjög stutt er að ganga á milli íþróttahússins við Sunnubraut og Reykjaneshallar.

Rútuferðir á bíósýningar eru frá keppnisstöðunum,Holtaskóla, Heiðarskóla, Akurskóla, Ásbrú og Njarðvíkurskóla.
Rútuferðir verða einnig á gististaði eftir kvöldvökuna.

**Muna að koma tímanlega í rúturnar.**

vörður
tryggingar hf.

**Gunnar Gísli Guðlaugsson**
Svæðisstjóri Reykjaness, Krossmói 4 - 230 Reykjanesbæ
Sími: 514 1120 / 825 8520 - fax 514 1121 - gunnargg@vordur.is - www.vordur.is






# Kvöldstund
# **fyrir foreldra**

Á laugardagskvöldinu þegar kvöldvöku lýkur í Íþróttahúsinu á Sunnubraut og börnin eru farin í kvöldhressingu á gististöðunum, verður öllum áhugasömum foreldrum og þjálfurum boðið að eiga huggulega kvöldstund fyrir svefninn og þiggja kaffiveitingar í boði mótshaldara.
Til að fullkomna kvöldið og daginn mun Matti Ósvald stíga á stokk og flytja okkur hollt og skemmtilegt erindi sem ber yfirskriftina „Mikilvægasta starf í heimi".

Kvöldstund fyrir foreldra fer fram í félagsheimili Keflavíkur sem er í nýrri aðstöðu á 2. hæð Íþróttahússins við Sunnubraut.
Tímasetning er áætluð frá kl. 21.45 – 23.00

### Mikilvægasta starf í heimi

Tímarnir hafa breyst og áreitið er mikið. Til þess að við getum gert okkar besta gagnvart „litlu manneskjunum" okkar er ekki úr vegi að rifja upp nokkur lykilatriði þegar kemur að því sem skiptir okkur mestu máli. Hefur hugarfar foreldra áhrif á hvað verður úr börnum okkar eða hvernig þeim líður í eigin skinni? Hvað ættum við að leggja mesta áherslu á í samskiptum við þau?



*Matti Ósvald Stefánsson, Heilsuráðgjafi og nuddari, hefur á undanförnum 20 árum tekið heilsu- og lífsstílsviðtöl við fjölda fólks úr öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins, og séð að margt er sameiginlegt með því sem mannfólkið er að eiga við. Hann mun í þessu erindi fjalla um nokkur lykilatriði sem hafa reynst vel í einu mikilvægasta „starfi" í heiminum, að vera foreldri.*
*Matti hefur einnig verið viðloðandi körfuknattleik frá unglingsárunum, lék með Keflavík í yngri flokkum félagsins og síðar meistaraflokki, og hefur komið að fjölda keppnisferða og leikja með íslenska körfuknattleikslandsliðinu sem nuddari.*

**Tilboð fyrir keppendur**
**Nettó mótsins**
Hamborgaratilboð kr. 890,-
Pylsutilboð kr. 399,-
Risa-nammibar
Fjöldi annara tilboða!
BITINN
Iðavöllum 14b og Hafnargötu 12 - 230 Reykjanesbæ - Sími:421 4000



www.nettomot.blog.is

TOYOTA Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
s. 420 6600

# Reglur **mótsins**



- Mótið er fyrir stúlkur og drengi fædd árið 1999 og síðar.
- Hver leikur er 2 x 12 mínútur.
- Mikilvægt er að allir leikmenn fái tækifæri til að spila.
- Það má skipta inná hvenær sem er á leiktímanum.
- Reglur fyrir minnibolta eru notaðar á vellinum.
- Stigin eru ekki talin – allir vinna.
- Liðin verða að muna eftir að bakka yfir miðlínu í vörn.
- Ef varnarmaður brýtur á skotmanni fær hitt liðið eitt vítaskot.
- Mikilvægt er að ábyrgur aðili fylgi hverju liði. Börn eða unglingar mega ekki vera liðstjórar.

***Munið að hlusta og fara eftir því sem liðstjórinn segir. Munið að hvatningin er kraftmeiri en nokkuð annað.***

Sverrir Þór Sverrisson Málari Sími: 899 2032
nýmynd
Panda Kínverskur veitingastður
Sportbúð Óskars
Plastgerð Suðurnesja
galleri keflavík
Rafverkstæði I.B. ehf
SKIPTING Sjálfskiptingarþjónusta
Þvottahöllin
Útivist & Sport ehf.
Verkfræðistofa Suðurnesja
Trausti málari ehf.
Securitas
Halldór Magnússon Pípulagningamaður
olís
Verkmáttur verkfræðistofa



www.nettomot.blog.is

ALEX bílahús • motel
Álnabær
Betri heilsa www.hnh.is
Bílasprautun Suðurnesja
Einar Magnússon Tannlæknir
Blue Lagoon Iceland
BYKO Byggir með þér
Brautarnesti
SÓL sumarhús
Kadeco
Keilir Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
Leigumiðlun Suðurnesja
Kóda
Ice-Group Iceland
hljómval
skolamatur.is Skólamatur
Húsasmiðjan
Geisli hf. Rafverktaki
Lyfja – Lifið heil
Glersalan Keflavík
Góður Kostur fyrir þig!
Center Keflavík
Pulsuvagninn
Bílbót ehf



# Innileikjagarðurinn
# Ásbrú

Er skemmtilegt vetrarleiksvæði fyrir krakka á aldrinum 2-8 ára enda alltaf gott veður í garðinum.
Opnunartími Innileikjagarðsins er frá kl. 14:30 - 16:30 um helgar og þriðjudaga - föstudaga frá kl. 15:00 - 18:00. Hægt er að leigja innileikjagarðinn fyrir t.d. afmæli utan opnunartíma.
Allar nánari upplýsingar varðandi pantanir gefur Hafþór Birgisson tómstundafulltrúi í síma 898 1394.
Innileikjagarðurinn á Ásbrú er staðsettur að Keilisbraut 778, fyrir aftan Listasmiðjuna og 100 metra frá Langbest.
**Laugardaginn 5. mars verður Innileikjagarðurinn opinn frá kl. 14:30 - 17:30.**




Komdu í XY og fáðu flotta inngöngugjöf




XY er unglingaklúbbur Íslandsbanka fyrir krakka á aldrinum 12-16 ára. Ef þú skráir þig í XY færðu flotta tösku og bíómiða í inngöngugjöf.

Þetta færðu líka í XY:
- Debetkort ef þú ert á 14. aldursári eða eldri
- Hraðbankakort ef þú ert á 12. aldursári eða eldri
- Það kostar ekkert að nota kortið
- Netbanka
- Aðgang að Meniga heimilisbókhaldi
- Ókeypis SMS

Það er einfalt að skrá sig í XY á XY.is eða koma í útibúið okkar í Hafnargötu 91.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki





# Góðar kveðjur í mótslok 2010



***Sælir félagar,***
*Ég var staddur í Stykkishólmi sl. mánudag og þar komu að mér nokkrir ein-staklingar og vildu koma þakklæti til mótshaldara Nettómótsins fyrir frábært mót. Þetta var í fyrsta skiptið sem Snæfell sendi lið og þau voru alveg í skýjunum og voru sammála um að þetta væri það skemmtilegasta sem krakkarnir hafi upplifað lengi. Þau munu alveg örugglega mæta að ári.*
***Kveðja, Albert Eðvaldsson***



***Kæru aðstandendur Nettómóts,***
*Það var gaman að verða vitni að skemmtilegu og vel heppnuðu móti um liðna helgi. Skipulagningin hjá ykkur var ótrúlega hnökralaus, þrátt fyrir allan þennan fjölda þátttakenda. Allsstaðar fengum við hlýjar móttökur og gleðin var ríkjandi.*
*Við lofuðum að láta vita af afdrifum okkar manns, Þorra Elí, sem meiddist upp í Ásbrú um hádegisleitið í gær. Hann reyndist vera brotinn á ökkla, en beinið var ekki brotið alveg í sundur og læknirinn var bjartsýnn á að hann myndi ná sér vel. Hann var settur í gifs og verður á hækjum næstu vikur.*
***Við hjá FSU þökkum vel fyrir okkur.***
***Bestu kveðjur,***
***Jónína H. Gunnlaugsdóttir***
***í foreldraráði Minnibolta FSU***



*Langaði bara að óska ykkur til hamingju með Nettómótið - fólk lofar það í hástert hvert sem maður fer og ljóst að enginn er að gera þetta betur en þið enda mótið orðið einn stærsti íþróttaviðburður landsins.*
***Dagný Gísladóttir, kynningarstjóri Reykjanesbær***

*Njarðvíkingar og Kelfvíkingar eiga miklar þakkir skildar fyrir hreint út sagt magnaða vinnu og flotta skipulagingu, það má segja að mig vanti nógu sterk lýsingarorð til að lýsa ánægju minni með ykkar stórkostlega framlag. Jafnframt vona ég að íbúar Reykjanaesbæjar séu stoltir af sínu fólki sem starfar innan körfuboltans í bænum því þessi helgi var svo sannarlega góð auglýsing fyrir Reykjanesbæ sem og var þetta frábær auglýsing fyrir körfuboltann í heild sinni.*
*Það var stoltur faðir og formaður KKÍ sem fylgdist með lokaatriði Nettómótsins þegar krakkarnir röltu inn í íþróttahúsið við Sunnubraut fyrir fullu húsi og tóku við sínum verðlaunapeningum fyrir þátttöku í þessu fjölmenna móti – ánægjan og gleðin skein úr andlitum þessara krakka eftir frábæra helgi í Reykjanesbæ. Þarna var svo sannarlega saman komin framtíðin í íslenskum körfubolta.*
*Takk kærlega!*
***Hannes S.Jónsson,***
***Faðir á Nettómótinu 2010 og formaður KKÍ***



***Hæ,***
*Geðveikt mót um helgina. Við eigum tvö börn í körfu hjá ykkur og mér og konu minni langar að þakka fyrir frábæra helgi. Megi góður guð blessa ykkur fyrir þetta frábæra starf.*
***Kveðja,***
***Sigurvin (Venni) og Ágústa***






# 10. mótið í röð
# hjá Fal



*Falur Harðarson er flestum körfuknattleiksunnendum að góðu kunnur enda átti hann langan og farsælan feril sem leikmaður og lék m.a. 106 A-landsleiki fyrir Íslands hönd. Hann á 516 meistaraflokksleiki að baki fyrir Keflavíkurliðið, en einnig lék Falur eitt tímabil með KR, eitt í Finnlandi og eitt tímabil í high school á unglingsárunum. Þá lék Falur einnig þrjú tímabil í háskólaboltanum í USA, samhliða námi.*

*Nettómótið í ár er 10. mótið í röð sem Falur kemur að og verður það að teljast einstakt úthald þegar kemur að jafn krefjandi verkefni. Hann er maðurinn sem tekur við öllum skráningum á mótið, er tengill mótsins við liðin og sér um alla leikjaniðurröðun sem þarf að falla saman með bíósýningum og öðrum viðburðum mótsins. Við náðum kappanum afsíðis á dögunum og fengum að leggja fyrir hann nokkrar laufléttar spurningar.*

**Hvernig vildi það til að þú dróst inn í þetta ?**
Þegar Kristín Kristjánsdóttir tók að sér formennsku í unglingaráði KKDK þá kom hún að máli við okkur hjónin og bað okkur um að verða sér innan handar við hin ýmsu mál innan körfunnar í Keflavík. Samkaupsmótið eins og það hét þá fékk ég í hendurnar með þeim fleygu orðum: „Hérna, þú raðar þessu saman". Við vorum sammála árið 2002 að auglýsa mótið betur og bæta það frá árinu áður. Keppendum fjölgaði strax í 450 úr 250 árinu áður, svo hefur mótið stækkað jafnt og þétt með árunum og við förum yfir 1000 keppendur í fyrsta skiptið í fyrra.

**Hvað er mikilvægast við framkvæmd mótsins ?**
Að tímasetningar standist og fagmennskan sé höfð í fyrirrúmi varðandi upplýsingar, dómgæslu o.fl.

**Hver er hápunktur hvers Nettómóts ?**
Þegar að ég heyri krakka hneykslast af viðbrögðum andstæðinganna og segja eitthvað í þá áttina: „þeir láta eins og þeir hafa unnið ...... VIÐ UNNUM!". Þetta gerist á hverju ári.

**Hvað gerir þú þegar mótið er hafið og allt er farið að rúlla ?**
Ég er til taks að leysa hin ýmsu verkefni sem koma upp ásamt öllu því góða fólki sem stendur að þessu móti og svo þarf maður að vera duglegur að punkta niður þau atriði sem betur mega fara fyrir næsta mót.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM



EU ECOLABEL
www.eco-label.com
PERMANENT PAPER ISO 9706
PERMANENT PAPER ISO 14001

Góð tvenna
frá Pennanum

Pennapappírinn er einn mest seldi pappírinn á íslenskum fyrirtækjamarkaði. Pennapappírinn hentar í alla prentara og ljósritunarvélar og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfiskröfur. Hjá Pennanum getur þú valið úr úrvali dufthylkja m.a. frá HP, Brother, Kyocera, Lexmark, Dell og Xerox.




**Hafðu samband við Fyrirtækjaþjónustu Pennans í síma 540 2050** eða þjónusturáðgjafa í verslunum Pennans; Hallarmúla 2, Hafnarstræti 93 Akureyri, Austurstræti 18, Kringlunni norður, Smáralind, Mjódd, Strandgötu 31 Hafnarfirði, Dalbraut 1 Akranesi, Sólvallagötu 2 Keflavík, Hafnarstræti Ísafirði, Bárustíg 2 Vestmannaeyjum og Pennanum TRS, Eyrarvegi 37 Selfossi.

Penninn
Með þér í vinnunni




# NETTÓ MÓTIÐ REYKJANESBÆ

## 5.- 6.MARS 2011



nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*